

Fimmtudaginn 25. janúar 1996.

Nr. 67/1994.

Sigurður Kaldal Sævarsson

(Ólafur Ragnarsson hrl.)

gegn

Steini Jakobi Ólasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.) og

íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.) og

Steinn Jakob Ólason

gegn

Sigurði Kaldal Sævarssyni

Skaðabætur. Vinnuveitandaábyrgð. Lögreglumenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1994 og gerði þær kröfur, að stefndu, Steinn Jakob Ólason og íslenska ríkið, yrðu dæmdir óskipt til þess að greiða sér 4.775.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1992. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Steinn Jakob Ólason, áfrýjaði málinu með stefnu 21. febrúar 1994 og krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og til vara lækunar á kröfum hans. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi íslenska ríkið krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda svo og, að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst stefndi lækunar á kröfum aðaláfrýjanda og að málskostnaður verði í því tilviki felldur niður.

Í greinargerð sinni til Hæstaréttar lækkaði áfrýjandi kröfur sínar í 3.764.332 krónur og sundurliðaði þær þannig, að fyrir fjártjón var krafist 264.332 króna og fyrir ófjárhagslegt tjón 3.500.000 króna. Við munnlegan málflutning í Hæstarétti hækkaði aðaláfrýjandi höfuðstól aðalkröfu sinnar í 3.800.000 krónur, og sundurliðast hún þannig, að 300.000 krónur eru vegna fjártjóns, en 3.500.000 krónur vegna ófjárhagslegs tjóns. Gegn andmælum gagnaðila er aðaláfrýj-

andi bundinn við þá fjárhæð, sem hann krafðist í greinargerð, sbr. 163. gr., 111. gr. og 45. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Í dómi sakadóms Reykjavíkur í refsímáli, sem höfðað var gegn gagnáfrýjanda og dæmt var endanlega í dómi Hæstaréttar 14. nóvember 1991, eru málavextir raktir nánar. Dómurinn taldi sannað, að gagnáfrýjandi hefði í starfi sínu sem lögreglumaður beitt aðaláfrýjanda harðræði, er leiddi til meiðsla, sem lýst er í ákæru málsins. Var gagnáfrýjandi dæmdur til refsingar fyrir þennan verknað, sem talinn var brot gegn 1. mgr. 218. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Af hálfu gagnáfrýjanda var því hreyft við munnlegan málflutning í Hæstarétti, að framburður tannlæknis fyrir héraðsdómi í mars 1993 benti til þess, að áverkar á tönnum aðaláfrýjanda hefðu ekki orðið af völdum gagnáfrýjanda, heldur af völdum óvarlegrar meðferðar annarra lögreglumanna síðar um nóttina. Framburður þessi er í samræmi við vottorð tannlæknisins 7. janúar 1991 og skýrslu hans fyrir sakadómi í apríl 1991 í þeim atriðum, sem máli skipta. Lágu þessi gögn fyrir í refsímálinu, þegar gagnáfrýjandi var sakfelldur. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á greindar mótbárur gagnáfrýjanda. Meiðsli, sem aðaláfrýjandi krefst bóta fyrir í þessu máli, eru hin sömu og greint er frá í refsímálinu. Ber að leggja til grundvallar, að þau verði að öllu leyti rakin til háttsemi gagnáfrýjanda. Gagnáfrýjandi ber því ábyrgð á þessu líkamstjóni aðaláfrýjanda eftir almennum skaðabótareglum.

Þótt aðaláfrýjandi hafi ekki sinnt fyrir mælum lögreglu, svo sem greinir í héraðsdómi, eru ekki efni til að telja hann meðábyrgan á tjóni því, er hann varð fyrir.

Með framangreindum athugasemdum verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um óskerta bótaábyrgð gagnáfrýjanda.

II.

Fullyrt er í áðurnefndum hæstaréttardómi, að aðfarir gagnáfrýjanda voru miklu harðneskjulegri en aðstæður gáfu tilefni til. Hins vegar er óumdeilt, að gagnáfrýjandi tók í umrætt sinn þátt í lögregluaðgerðum og var því að vinna starf sitt. Þó að hann hafi farið út fyrir starfsskyldur sínar með harkalegum og óvenjulegum hætti,

þykir atferli hans vera í nægilegum tengslum við löggæslustarf til þess, að felld verði bótaskylda á stefnda eftir reglunni um vinnuveitandaábyrgð.

Verður stefndi því dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda skaðabætur ásamt gagnáfrýjanda, eins og nánar greinir hér á eftir.

III.

Aðaláfrýjandi gerir engar kröfur fyrir missi tekna vegna slyssins. Hann krefst nú alls 300.000 króna í bætur fyrir fjártjón, en sú fjárhæð er kostnaður við tannviðgerðir og kostnaður „tengdur yfir 20 heimsóknnum til tannlæknis“. Hækkun kröfufliðar þessa er mótmælt, svo sem áður segir. Hins vegar andmæla gagnáfrýjandi og stefndi ekki þeirri fjárhæð kröfunnar, sem sett var fram í greinargerð, þ. e. 264.332 krónum. Verður hún tekin til greina að fullu.

Krafa aðaláfrýjanda um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón nemur 3.500.000 krónum. Vísar hann til 264. gr. almennra hegningarlaga til stuðnings henni, en það lagaákvæði var í gildi, þegar atvik málsins gerðust. Skilja verður málátílbúnað aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti þannig, að nú sé einungis krafist bóta fyrir þjáningar, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum vegna líkamsmeiðslanna og afleiðinga þeirra, en fallið frá kröfum, sem gerðar voru í héraði, um bætur fyrir handtöku, fangelsun og fleira. Krafa um bætur fyrir röskun á stöðu og högum er vanreifuð, og verður ekki lagt til grundvallar, að aðaláfrýjandi hafi orðið fyrir slíkri röskun. Ekki er sannað, að aðaláfrýjandi hafi hlotið lýti af áverkunum, og koma lýtabætur því ekki til álita.

Bætur til aðaláfrýjanda vegna ófjárhagslegs tjóns þykja eftir öllum atvikum hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Samkvæmt ofangreindu ber stefnda og gagnáfrýjanda óskipt að greiða aðaláfrýjanda alls 514.332 krónur auk dráttarvaxta, eins og greinir í dómorði.

Rétt er, að gagnáfrýjandi og stefndi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 300.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, Steinn Jakob Ólason, og stefndi íslenska ríkið greiði óskipt aðaláfrýjanda, Sigurði Kaldal Sævarssyni, 514.332 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum

nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1992 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi og stefndi greiði óskipt aðaláfrýjanda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. nóvember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var að nýju 4. október sl., höfðaði Sigurður Kaldal Sævarsson, kt. 210668-3559, Rauðalæk 52, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 14. janúar 1992, gegn Steini Jakobi Ólasyni, kt. 010358-4429, Lækjarási 3, Reykjavík, dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Málið hafði áður verið dómtekið 24. mars sl., en var endurupptekið 29. júní sl. og endurflutt og dómtekið 4. október sl. vegna veikinda þess dómara, sem farið hafði með málið.

Dómkröfur stefnanda.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt samtals 4.775.000 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 4. og 5. gr. laga nr. 67/1989, sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987, af þeirri fjárhæð frá 21. febrúar 1992 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda Steins Jakobs Ólasonar eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Jafnframt krefst hann þess, að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að við bættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ráðuneyta dóms- og fjármála gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Til vara krefjast þeir þess, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og í því tilfelli verði málskostnaður látinn falla niður.

Sáttatilraunir voru reyndar í málinu, en báru ekki árangur.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að lögreglan í Reykjavík var aðfaranótt 27. desember 1990 kvödd að húsinu nr. 1 við Bergþórugötu í Reykjavík vegna hávaða og ölvunar þar. Talsvert var af fólki í íbúðinni, og var því vísað út í samráði við húsráðanda. Stefndandi málsins, sem var einn af gestunum, ætlaði að fara heim til sín að Kárastíg 3, sem er beint á móti Bergþórugötu 1, hinum

megin við Frakkastíg. Stysta leið þangað var að ganga aftur fyrir lögreglubífreið, sem lagt hafði verið við Frakkastíginn. Lögreglumenn óskuðu eftir því, að stefnandi færi fram fyrir bifreiðina, en því hlýddi hann ekki. Stefndi Steinn Jakob ýtti stefnanda frá lögreglubífreiddinni að gatnamótum Frakkastígs og Kárastígs og tók hann þar þeim tökum, að stefnandi varð rænulaus eða rænulítill. Dró stefndi Steinn Jakob stefnanda í þessu ástandi upp Frakkastíg að lögreglubífreiddinni og sleppti þar takinu, svo að stefnandi skall með andlitið í götuna með þeim afleiðingum, að hann bólgnadi og skrámaðist í andliti, hlaut 1/2 cm langt sár á vinstri augabrún, fjögur dökk-rauðleit, skálæg, samsíða för framan á hálsi og alls sjö tennur í efri og neðri gómi brotnuðu.

Framangreindir málavextir eru taldir sannaðir í dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 7. maí 1991, í máli ákærvaldsins gegn Steini Jakobi Ólasyni, en með dómi þessum var hann dæmdur í þriggja mánaða varðhald.

Í dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 14. nóvember 1991, segir meðal annars:

„Fallast ber á það með héraðsdómara, að sannað sé, að ákærði hafi í starfi sínu sem lögreglumaður í Reykjavík aðfaranótt 27. desember 1990 beitt Sigurð Kaldal Sævarsson harðræði, er leiddi til þeirra meiðsla hans, sem lýst er í ákæru málsins. Voru aðfarir ákærða miklu harkalegri en aðstæður gáfu tilefni til.“

Refsing ákærða þótti hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, en með hliðsjón af því, að ákærði hafði verið leystur frá störfum frá 24. janúar 1991 og hafði ekki áður sætt kærú eða refsingu, þótti rétt að skilorðsbinda refsingu hans.

— — —

Niðurstöður.

Með dómi Hæstaréttar Íslands 14. nóvember 1991 í máli ákærvaldsins gegn Steini Jakobi Ólasyni var staðfestur dómur sakadóms Reykjavíkur, þar sem sannað þótti, að stefnandi hefði verið beittur harðræði af stefnda við handtöku 27. desember 1990, þá er hann var á leið úr samkvæmi, sem haldið var á Bergþórugötu 1, hér í borg, sem leitt hafi til þeirra meiðsla, sem hér að framan hefur verið lýst. Vegna hávaða í samkvæminu hafi verið kallað á lögreglu. Í dómi Hæstaréttar segir síðan orðrétt: „Vorú aðfarir ákærða miklu harkalegri en aðstæður gáfu tilefni til.“ Er niðurstaða Hæstaréttar lögð til grundvallar í þessu máli.

Ljóst er, að lögreglumenn, þar á meðal stefndi Steinn Jakob, hafi beint þeim tilmælum til fólks, sem á vettvangi var, að það gengi ekki aftur fyrir lögreglubífreiddina, þar sem unnið var að handtöku. Þessu sinni stefnandi eigi, heldur gekk í trássi við fyrirmæli lögreglu aftur fyrir lögreglubífreiddina og gaf þá skýringu, að hann ætti heima á Kárastíg 3. Í kjölfar þess var hann

handtekinn af stefnda Steini Jakobi. Þegar litið er til framburðar vitna, sem gáfu skýrslu í sakadómi Reykjavíkur, þykir stefnandi hafa sýnt fram á þrátt fyrir neitun stefnda Steins Jakobs, að stefndi hafi tekið stefnanda hálstaki, sem hafi leitt til meðvitundarleysis stefnanda. Stefnda Steini Jakobi hefur ekki tekist að sýna fram á, að tannbrot þau, er stefnandi hlaut, hafi verið af völdum einhvers annars en aðgerða hans, en fjöldi vitna í sakadómsmálinu hefur borið um hinn mikla skell, þegar stefndi Steinn Jakob sleppti takinu á stefnanda rænulausum, liggjandi á hnjónum, þannig, að höfuð hans féll í götuna, án þess að hann bæri hendurnar fyrir sig. Þá hefur stefndi Steinn Jakob borið, að stefnandi hafi kvartað um tannbrot, áður en hann var færður í lögreglubifreiðina, og hafa nokkur vitni stutt þann framburð stefnda Steins Jakobs. Verður því að telja sannað, að tannbrotin hafi verið af völdum hinnar harkalegu handtöku stefnda Steins Jakobs.

Af hálfu stefnda Steins Jakobs hefur því verið haldið fram, að stefnandi hafi ekki farið að fyrirmælum stefnda, og á sá framburður sér stoð í framburði margra vitna. Gegn neitun stefnanda þykir vera sannað með framburði stefnda Steins Jakobs og fjölda vitna, að stefnandi hafi ekki hlýtt fyrirmælum lögreglu, sem leiddi til handtöku hans. Þegar litið er til framangreindrar niðurstöðu í dómi Hæstaréttar Íslands frá 14. nóvember 1991 og framburðar vitna, þykir stefnandi hafa sýnt fram á, að stefndi Steinn Jakob fór við handtöku stefnanda langt út fyrir þau mörk, sem lög heimila, og ber því ábyrgð á þeim afleiðingum, sem af hinum harkalegu og refsiverðu aðgerðum hans hlutust.

Stefndi Steinn Jakob hefur krafist þess, að kröfur stefnanda verði lækkadar vegna eigin sakar hans. Með vísan til þess, sem hér að framan greinir, er ekki fallist á þessa kröfu stefnda.

Stefnandi þykir með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, hafa sýnt fram á, að stefndi Steinn Jakob hafi við handtöku stefnanda notað lögreglutak, sem bannað er að nota nema við sérstakar aðstæður, og hafi hann þannig valdið meðvitundarleysi stefnanda, en með því hafi hann farið út fyrir þær starfsreglur, sem lögreglumönnum eru settar. Þykja stefndu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra hafa sýnt fram á fyrir hönd ráðuneyta sinna, að þeir geti ekki borið ábyrgð á þeim afleiðingum, sem af þessu hlutust, þar sem stefnandi sýndi af sér refsiverða hegðun í starfi og fór þar með út fyrir mörk óskráðra reglna um vinnuveitendaábyrgð. Eru ofangreindir stefndu því sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi hefur sett fram sundurliðaða bótakröfu, sem studd er gögnum að litlum hluta. Vegna tannviðgerða krefst stefnandi 900.000 kr. Stefndi rökstyður kröfu sína þannig, að hann þurfi að fara tvisvar á ævinni aftur í tannviðgerð, sams konar og hann hafi gengist undir hjá Agli R. Guðjohnsen tannlækni, sbr. reikning á dskj. nr. 10, en þar er sundurliðaður kostnað-

ur vegna tannviðgerða stefnanda, að fjárhæð 264.332 kr. Þá verði að reikna með vinnutekjutapi og óþægindum þannig, að fjárhæð hvert sinn sé 300.000 kr. Fallist er á kröfu stefnanda, sem nemur 264.332 krónum, en sú fjárhæð er studd fram lögðum reikningi, svo sem hér að framan greinir. Hins vegar getur stefnandi ekki með neinni vissu sagt til um, hvort eða hvenær hann þarf á nýrri tannviðgerð að halda, og er kröfu hans því vísað frá dómi vegna vanreifunar. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á vinnutekjutap vegna tannviðgerða árið 1991. Er sú krafa hans ekki studd neinum gögnum, og er henni því vísað frá dómi.

Stefnandi hefur krafist greiðslu á tekjutapi vegna seinkunar á námi, 375.000 króna. Er krafan miðuð við fimm mánuði á 75.000 kr., sbr. útreikning LÍN á námsláni til stefnanda á dskj. nr. 15, þar sem stefnandi hafi orðið að hætta við að fara í próf vegna líkamsmeiðinga, og þar með hafi hann tafist um eina önn í námi sínu í viðskiptadeild. Er fjárhæðin miðuð við, að stefnandi hefji vinnu fimm mánuðum seinna eftir námslok en ella. Framangreindir atburðir urðu 27. desember 1990, en stefnandi heldur því fram, að hann hafi verið skráður í próf í janúar 1991. Stefnandi Steinn Jakob hefur mótmælt þessari kröfu, þar sem stefnandi hafi ekki byrjað nám á nýjan leik og því ekki verið um neina seinkun á námslokum að ræða, eins og stefnandi heldur fram. Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir tjóni, þó að hann hafi ekki þeytt þau próf í janúar 1991, sem hann var skráður í, enda liggur það fyrir, að hann tók ekki upp þráðinn við námið eftir þetta. Stefnandi hefur því ekki sýnt fram á neitt tekjutap, og verður því ekki fallist á kröfu hans.

Þá hefur stefnandi gert kröfu vegna ófjárhagslegs tjóns, samtals 3.500.000 kr. Stefnandi vísar til þess, að hann hafi orðið fyrir röskun á stöðu og högum, og einnig krefst hann bóta vegna óþæginda og lýta. Stefnandi Steinn Jakob hefur mótmælt kröfu þessari.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir röskun á stöðu og högum í kjölfar þessa atburðar. Stefnandi þurfi hins vegar að ganga undir miklar tannviðgerðir, og er ekki dregið í efa, að hann hafi haft af því talsverð óþægindi. Með vísan til þess, sem að framan segir, þykir rétt, að stefndi Steinn Jakob greiði stefnanda 200.000 kr. í miskabætur.

Stefnandi hefur gert kröfu um vexti með vísan til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1992, en málið var þingfest fjórum vikum áður, þ. e. 21. janúar 1992.

Ber því samkvæmt framangreindu að dæma stefnda Stein Jakob til að greiða stefnanda samtals 464.322 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1992 til greiðsludags.

Stefndi Steinn Jakob greiði stefnanda 140.000 kr. í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Rétt þykir, að málskostnaður milli stefnanda og stefndu dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. fjármálaráðuneytis, falli niður.

Ólafur Ragnarsson hrl. flutti málið f. h. stefnanda, Sigurðar Kaldal Sævarssonar.

Hilmar Ingimundarson hrl. flutti málið f. h. stefnda Steins Jakobs Ólasonar.

Gunnlaugur Claessen hrl. flutti málið f. h. stefndu dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. fjármálaráðuneytis.

Halla Bachmann Ólafsdóttir, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómara.

D ó m s o r ð:

Stefndi Steinn Jakob Ólason greiði stefnanda, Sigurði Kaldal Sævarssyni, 464.332 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1992 til greiðsludags.

Stefndu dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. fjármálaráðuneytis eru sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi Steinn Jakob Ólason greiði stefnanda 140.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Málskostnaður milli stefnanda og stefndu dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. fjármálaráðuneytis fellur niður.